

Skýrsla starfshóps um endurskoðun á stuðningi ríkisins við bókmenntir

Skipun starfshóps:

Menntamálaráðherra skipaði 6. janúar 2005 starfshóp, sem ætlað var að gera tillögur um breytingar, m.a. lagalegs eðlis, á skipulagi sjóða er styrkja bókmenntir og bókaútgáfu og tillögur um fyrirkomulag kynninga á íslenskum bókmenntum erlendis. Starfshópnum var ætlað að ljúka störfum fyrir 1. maí 2005. Starfshópurinn var þannig skipaður: Þorgeir Ólafsson, formaður, skipaður án tilnefningar, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands og Sigurður Svavarsson, tilnefndur af Félagi íslenskra bókaútgefenda.

Inngangur:

Stuðningur við bókmenntir og bókaútgáfu á sér langa sögu hér á landi. Menningarsjóður og síðar bókaútgáfa Menningarsjóðs voru fyrstu stofnanirnar á þessu sviði og nú eru þrjár sjóðir sem tengjast útgáfustarfsemi, Bókmenntakynningarsjóður, Þýðingarsjóður og Menningarsjóður. Alþingi og menntamálaráðuneytið veita útgáfu- og bókmenntastyrki og auk þess eru veitt starfslaun til rithöfunda á vegum Launasjóðs listamanna og Launasjóð fræðiritahöfunda. Einnig má telja Bókasafnssjóð höfunda, sem greiðir þóknun til höfunda fyrir afnot af verkum þeirra á bókasöfnum. Í Skýrslu um stöðu bókaútgáfu á Íslandi fyrir Félag íslenskra bókaútgefenda (2004) segir m.a.: “Stuðningur hins opinbera til bókaútgáfu er hvorki gagnsær né auðrakinn. Stuðningurinn fer um margvíslega sjóði sem tæpast fylgja sameiginlegri stefnu. Íhugunarefni er hvort ekki mætti ná meiri árangri með því að fækka sjóðum og setja styrkveitingum ríkisins á þessu sviði ákveðnari og afmarkaðri markmið”.

Lög um þýðingarsjóð voru sett 1981, Bókmenntakynningarsjóður var stofnaður 1982 og Menningarsjóður hefur starfað í núverandi mynd síðan 1993. Í ljósi þess að ofan er greint í tilvitnaðri skýrslu fyrir Félag íslenskra bókaútgefenda má telja eðlilegt að endurskoða starfsemi sjóða af þessu tagi með reglulegu millibili, bæði með tilliti til samræmingar og til þess að fylgja eftir breytingum sem orðið hafa í samfélaginu og í þessu tilviki, þróun á sviði bókmennta. Á síðustu tveimur áratugum eða svo hafa reglulega komið fram óskir um stofnun öflugss bókmenntasjóðs sem gæti m.a. styrkt útgáfu á stórum dýrum verkum, sem nauðsynleg eru hverju samfélagi en eru ofviða útgáfufyrirtækjunum.

Á hinum Norðurlöndunum eru starfandi bókmenntakynningarstofnanir á vegum stjórnvalda. Þær hafa löngu sannað gildi sitt og rekur bókmenntafólk góðan árangur höfunda frá Skandinavíu og Finnlandi til starfsemi þeirra. Í skýrslu Jónínu Michaelsdóttur um Bókmenntakynningarsjóð frá 2002 segir m.a.: “Allt frá því að Bókmenntakynningarsjóður var settur á laggimar fyrir röskum tveimur áratugum hafa stjórnir hans hver af annarri verið að knýja á um að hér yrði með formlegum hætti sett á laggimar kynningarmiðstöð fyrir íslenskar bókmenntir erlendis”. Skipaðar hafa verið nefndir til að vinna að framgangi þess máls og auk þess hafa rithöfundar og útgefendur þrýst á að það yrði tekið fastari tökum. Starfshópurinn vonar að nú verði loks séð fyrir endann á þessu máli ekki síst vegna yfirlýsts vilja Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra í þeim efnum og að ekki verði þess langs að biða að stuðningskerfi bókmenntanna verði gert gagnsærra og áhrifameira og langþráður draumur um öfluga bókmenntakynningarmiðstöð rætist.

Aðferð og vinnutilhögun:

Starfshópurinn hélt 8 fundi og studdist við ýmis gögn um kynningarmál ísl. bókmennta, einkum frá Jónínu Michaëlsdóttur, formanni Bókmenntakynningarsjóðs. Þá var stuðst við fyrrnefnda Skýrslu handa Félagi íslenskra bókaútgefenda frá 2004, ályktanir um sjóðamál og kynningarmál frá sama aðila og frá Rithöfundasambandi Íslands, gildandi lög og reglugerðir á ýmsum sviðum lista osfrv. Tillögur hópsins voru strax unnar sem drög að lögum og reglum.

Tillögur:

1. Lagt er til að stofnaður verði Bókmenntasjóður, sem taki við hlutverki Bókmenntakynningarsjóðs, Menningarsjóðs og Þýðingarsjóðs auk þess að reka skrifstofu sem annist umsýslu sjóðsins, upplýsingagjöf, kynningar á íslenskum bókmenntum erlendis o.fl. Þannig verði annars vegar til skrifstofa sem stendur fyrir öflugum kynningarstarfi fyrir íslenskar bókmenntir og hins vegar sterkur sjóður sem veitir nauðsynlega styrki til þýðinga og útgáfu auk þess að styrkja og beita sér fyrir kraftmiklu bókmenntalífi hér á landi, t.d. bókmenntahátíðum, ráðstefnum og fleiru. Í hjálögðum drögum að bókmenntalögum og reglum um úthlutun styrkja úr Bókmenntasjóði er gerð nánari grein fyrir starfsemi sjóðsins.

2. Skipað verði bókmenntaráð sem hafi það hlutverk að úthluta fé úr bókmenntasjóði og veita umsögn um bókmenntaerindi sem menntamálaráðuneytið vísar til þess auk þess að beina ábendingum og tillögum um bókmenntamálefni til ráðuneytisins að eigin frumkvæði. Bókmenntaráð beri ábyrgð á rekstri skrifstofunnar sem að ofan er getið. Í ráðinu eigi sæti fulltrúar Rithöfundasambands Íslands, Félags íslenskra bókaútgefenda og menntamála-ráðuneytis.

Starfshópurinn gerir ekki ráð fyrir að Bókasafnssjóður höfunda verði hluti af Bókmenntasjóði enda eru greiðslur úr fyrrnefnda sjóðnum tengdar afnotum af verkum en ekki fyrir útgáfustarfsemi. Að auki eiga réttindi á því sviði myndhöfundar, kennslubókahöfundar og hugsanlega tónskáld. Það er eindregið álit höfundarréttarsamtaka og fagfélaga að Bókasafnssjóðurinn skuli áfram starfræktur sem sjálfstæður sjóður.

Kostnaður:

Í fjárlögum 2005 er veitt fé til bókmennta af eftirtöldum fjárlagaliðum:

- a. Bókmenntakynningarsjóður 10 millj.kr., 02-982 1.16
- b. Menningarsjóður 13 millj.kr., 02-976 1.10
- c. Þýðingarsjóður 12,5 millj.kr., 02-982 1.15
- d. Styrkir til útgáfumála, 12,5 millj.kr., 02-983 1.11
- e. Af safnliðum ráðuneytisins eru veittar um 2 millj.kr. árlega til bókmennta.

Samtals er því um 48 millj.kr. varið til bókmennta árið 2005. Til að tryggja að nægilegt fjármagn sé til að sinna öllum þeim hlutverkum sem sjóðnum og Bókmenntaráði er ætlað að sinna er nauðsynlegt að hækka ofangreinda fjárhæð verulega og er lagt til að hún verði tvöfölduð. Til reksturs skrifstofu sjóðsins verði sérstaklega veitt a.m.k. 15 millj.kr. árlega.

Með auknum framlögum er stuðlað að meiri grósku í bókaútgáfu og blómlegri bókmenningu auk þess að auka framlegð og þar með tekjur ríkissjóðs. Þrátt fyrir talsverða bókaútgáfu hér á landi er brýn þörf á að auka enn frekar fjölbreytileikann og vinna gegna þeirri varasömu þróun að útgáfa sé einskorðuð við bækur sem líklegar eru til að seljast vel. Fjölbreytni í bókaútgáfu er einn af hornsteinum íslenskrar menningar og stuðlar að auki að aukinni lestrarfærni landsmanna. Öllum málsamfélögum er nauðsynlegt að eiga helstu

grundarvallarrit á sínu eigin móðurmáli, t.d. menningarsögu, þjóðfræði og stoðtæki tungumálsins svo sem orðabækur fyrir öll helstu tungumál heimsins. Slíkar bækur þarf að endurnýja reglulega og til að geta staðið að útgáfu af því tagi er hverri þjóð nauðsynlegt að hafa yfir öflugum bókmenntasjóðum að ráða.

Lögin:

Lagafrumvarpið er sett upp sem rammalöggjöf um bókmenntir. Til hliðsjónar við gerð þeirra voru einkum höfð leiklistarlögin, svo og lög um tónlistarsjóð. Auk kafla um bókmenntaráð og bókmenntasjóð er kafli um aðra bókmenntastarfsemi og er þar vísað til hvaða lög gildi um launasjóði rithöfunda og bókasöfn. Við skipan í Bókmenntaráð og ákvörðun um hlutverk þess við úthlutun styrkja, var einkum litið til skipunar stjórnar Bókmenntakynningarsjóðs, Þýðingarsjóðs og Leiklistarráðs og þeirrar meginreglu um sjóði á vegum ráðuneytisins að stjórnir þeirra ákveða úthlutanir. Hlutverk Bókmenntaráðs er að sjá til þess að pólitískum markmiðum, settum í lögum, með fjárveitingum og stefnuskrá sem ráðherra staðfestir, sé fylgt eftir á faglegan hátt. Til hliðsjónar má einnig benda á skipan mála hjá vísinda- og rannsóknarsjóðum ríkisins þar sem sömu grundvallarreglur búa að baki. Þessi skipan og aðgreining pólitískra markmiða og faglegrar umsýslu er einnig í samræmi við evrópskar venjur og reglur, sem urðu til í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar.

Reglur:

Við gerð draga að reglum um starfsemi Bókmenntasjóðs og úthlutun styrkja voru reglur um tónlistarsjóð hafðar til hliðsjónar auk almennra sjónarmiða sem komið hafa frá umboðsmanni Alþingis um auglýsingar eftir umsóknum um styrki úr opinberum sjóðum.

Tímarammi:

Lagt er til frumvarp til bókmenntalaga verði lagt fram til kynningar og samþykktar á vorþingi 2005 og að ný skipan mála verði frá áramótum 2006. Ef það gengur eftir er hægt að skipa nýtt bókmenntaráð í haust til að því gefist ráðrúm til undirbúnings og ráðningar starfsmanns fyrir áramótin 2006. Þá er einnig lögð áhersla á að tillit verði tekið til nýrrar skipunar þessara mála við gerð fjárlaga 2006.

18/3'05
fl. starfshöfundur
Þorgerður Ólafsson
form.

